

# AUGLÝSING

## um óbyggt víðerni Dranga á Ströndum

1. gr.

### Um friðlýsinguna

Umhverfis og auðlindaráðherra hefur ákveðið, að tillögu Umhverfisstofnunar, að frumkvæði landeiganda<sup>1</sup> Dranga og með samþykki sveitarfélagsins Árneshrepps, að friðlýsa jörðina Dranga á Ströndum sem óbyggt víðerni skv. 46. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Friðlýsingin miðar að því að vernda til framtíðar stórt svæði þar sem náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum og viðhalda sérkennum og náttúru svæðisins með áherslu á víðsýni, landslag og náttúruupplifun.

Hið friðlýsta svæði er hluti af víðáttumiklu samfelldu óbyggðu víðerni á Vestfjörðum. Verndargildi svæðisins er mjög hátt á bæði íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða og felst fyrst og fremst í víðerni og tilkomumiklu landslagi mótað af jöklum ísaldar. Dalir og hvíltir eru grafnar af jöklum í almennt einsleitan og mjög reglulegan jarðlagastafla. Á milli basalhraunlaga eru rauðleit setlög, oftast forn jarðvegur að uppruna. Landslag er mikilfenglegt og áhrifamikið, s.s. Drangaskörð, gróðurfar sérstakt, víðernisupplifun mikil sem og náttúrufegurð og svæðið er nær óraskað.

Við ströndina er að finna menningarminjar sem standa sem minnisvarðar um búsetuhætti og tíðaranda fyrri tíma.

Jörðin Drangar nær frá Drangajökli að sjó á milli Bjarnarfjarðar og Drangavíkur. Drangar eru landnámsjörð, þar nam land Þorvaldur Ásvaldsson, hans sonur var Eiríkur rauði er flutti síðar til Grænlands, en sonur hans var Leifur heppni. Eiríkur bjó á Dröngum eftir föður sinn og færa má líkur að því að þar hafi Leifur sonur hans fæðst.

Friðlýsingin samræmist markmiði e. liðar 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins.

Hið friðlýsta svæði er 105 km<sup>2</sup> að stærð, þar af eru 9 km<sup>2</sup> í hafi.

Friðlýsingin er gerð í minningu hjónanna Önnu Jakobínu Guðjónsdóttur og Kristins Halls Jónssonar er voru síðustu bændur á Dröngum.

2. gr.

### Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að standa vörð um umfangsmikið óbyggt víðerni þar sem náttúran fær að þróast á eigin forsendum, varðveita og viðhalda óvenjulegu, mikilfenglegu og fjölbreyttu landslagi sem og víðsýni. Friðlýsingunni er einnig ætlað að tryggja vernd jarðminja, vistkerfa og lífríki þeirra innan svæðisins.

Þá miðar friðlýsingin að því að tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið, í kyrrð og ró, einstakrar náttúru þar sem náttúrulegir ferlar eru ríkjandi og beinna ummerkja mannsins gætir lítið eða ekkert.

3. gr.

### Mörk verndarsvæðisins

Friðlýsingin nær til landsvæðis og sjávarsvæðis Dranga, þ.m.t. til fjöru, hafsbots, vatnsbols, lífríkis, eyja, skerja, hólma, dranga og annarra landfræðilegra eininga. Mörk svæðisins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu í viðauka I.

<sup>1</sup> Með friðlýsingu þessari er ekki tekin afstaða til nýrra krafna fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd dags. 18. janúar 2021 um þjóðlendur á viðkomandi svæði.

4. gr.

*Umsjón með hinu friðlýsta svæði*

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun er heimilt, að höfðu samráði við landeiganda, að gera umsjónarsamning um svæðið, sbr. 1. mgr. 85. gr. sömu laga. Nánar skal fjallað um umsjón svæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja á svæðinu skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

5. gr.

*Stjórnunar- og verndaráætlun*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjallað um umsjón svæðisins, landvörslu, verndaraðgerðir, verndun jarðminja, verndun gróðurs og dýralífs, framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær, landnotkun, framkvæmdir og viðhald mannvirkja, landvörslu, rannsóknir og vöktun, fræðsla, umgengni, umferð, þ.m.t. skipaumferð, aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fólks með hreyfihömlun, veiði, nýtingu hlunninda, þ.m.t. mögulega framleiðslu rafmagns og notkun skotvopna. Heimilt er að setja ítarlegri reglur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

*Rannsóknir og vöktun*

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun náttúrufars innan friðlýsta svæðisins í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Niðurstöður rannsókna og vöktunaráætluna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands, Minjastofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar, rannsókna- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

7. gr.

*Fræðsla*

Umhverfisstofnun, í samráði við landeiganda, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um verndarsvæðið. Þar skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.

*Verndun óbyggðs víðernis og landslags*

Vernda skal náttúrulegt ástand, einkenni, sérkenni og landslag óbyggða víðernisins til framtíðar.

Framkvæmdir sem skerða óbyggt víðerni svæðisins eru óheimilar. Aðrar framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands.

9. gr.

*Verndun jarðminja*

Til að tryggja vernd jarðminja á svæðinu er óheimilt að hrófla við, raska, eða skemma jarðminjar á friðlýsta svæðinu. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 12. gr.

Nánar skal fjallað um verndun jarðminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

*Verndun gróðurs og dýralífs*

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf, að undanskildum framandi tegundum.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan verndarsvæðisins, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Unnið skal að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á hið friðlýsta svæði eða berast inn á það.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs og dýralífs, þ.m.t. framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

*Verndun menningarminja*

Um vernd menningarminja fer samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

12. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð*

Jarðrask og önnur mannvirkjagerð á hinu friðlýsta svæði, þ.m.t. notkun á tækjum til framkvæmda sem áhrif kunna að hafa á verndargildi svæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, leyfi sveitarfélagsins Árneshrepps í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki sem og leyfi landeiganda.

Miða skal að því eins og kostur er að allar framkvæmdir séu afturkræfar. Mannvirki skulu falla vel að landslagi.

Heimilt er að halda við mannvirkjum án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar, svo fremi sem slíkt hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010.

Framkvæmdir á grundvelli deiliskipulags sem er í gildi við undirritun friðlýsingar eru ekki háðar leyfi Umhverfisstofnunar enda sé sérkennum og verndargildi svæðisins ekki raskað, frárennsli verði hreinsað með fullnægjandi hætti sbr. reglugerð um fráveitur og skólp og að frágangur að framkvæmdum loknum sé ætíð til fyrirmyndar. Framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að tryggja aðgengi frá sjó eru heimilar að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, enda sé sérkennum og verndargildi svæðisins ekki raskað. Umhverfisstofnun skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara um upphaf framkvæmda og fylgja verður leiðbeiningum stofnunarinnar um tilhögun framkvæmdar og frágang.

Nánar skal fjallað um landnotkun, þ.m.t. mögulega framleiðslu rafmagn, framkvæmdir og viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

### 13. gr.

#### *Umferð um verndarsvæðið*

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Forðast skal að valda öðrum óþægindum og truflun með hávaða.

Ávallt skal fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum, slóðum eða vegum eftir því sem auðið er.

Umferð reiðhjóla er aðeins heimil á skilgreindum hjólastígum.

Lausaganga hrossa er óheimil. Ríðandi umferð er aðeins heimil á skilgreindum leiðum og afmörkuðum áningarstöðum. Umferð ríðandi utan skilgreindra leiða er háð samþykki landeiganda.

Aðeins er heimilt að hafa næturgistingu/tjalda á skilgreindum tjaldsvæðum innan verndarsvæðisins. Landeiganda er heimilt að leyfa tjöldun hefðbundinna viðlegutjalda innan marka deiliskipulags.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um verndarsvæðið, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Innan friðhelgunarsvæða menningarminja þarf einnig að afla leyfis Minjastofnunar Íslands.

Hefðbundinn réttur til smölunar helst eins og verið hefur.

Óheimilt er að hafa hunda innan marka verndarsvæðisins án fylgdar og tryggrar stjórnar.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka verndarsvæðinu, í heild eða að hluta, í verndarskyni í samræmi við 25. gr. og 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Óheimilt er að aka vélknúnum farartækjum utan vega og skilgreindra leiða, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Óheimilt er að lenda flugvélum, þylum og öðrum mönnum loftförum innan verndarsvæðisins utan skilgreindra landingarstaða nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banni þessu eru leitar- og björgunaraðgerðir, landhelgigæsla eða sambærileg verkefni. Þá tekur bann þetta ekki til ferða landeiganda á sínu landi.

Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan verndarsvæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða, vegna rannsókna og vöktunar Náttúrufræðistofnunar Íslands, vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar og vegna starfa landeiganda. Minjastofnun Íslands hefur sömu heimildir innan friðhelgunarsvæðis menningarminja. Að öðru leyti skal farið samkvæmt reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Hafa skal samráð við landeiganda áður en skipulagðar eru hópferðir um svæðið. Um hópferðir í atvinnuskyni gilda lög um náttúruvernd.

Heimilt er að setja reglur um fjöldatakmarkanir og ítölur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið í heild eða hluta þess.

Farþegaskipum, sem koma beint af hafi, er óheimilt að hleypa farþegum í land.

Landtaka skipa með 51 eða fleiri farþega (farþega og áhöfn) og farartækja í tengslum við þau er óheimil, nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banni þessu eru leitar- og björgunaraðgerðir, landhelgigæsla eða sambærileg verkefni. Landtaka vegna rannsókna er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Takmarkanir þessar taka ekki til ferða landeiganda.

Öll umferð skipa og báta nærri sellátrum og fuglabyggðum er óheimil innan verndarsvæðisins. Fuglabyggðir og sellátur skulu skilgreind í stjórnunar- og verndaráætlun. Bann þetta tekur ekki til umferðar landeiganda vegna hefðbundinna nytja hlunninda, umferðar skipa og báta sem leita þurfa í var vegna veðurs og sjólags, för skipa eftir hefðbundnum

siglingaleiðum eða umferðar vegna leitar- og björgunaraðgerða, landhelgisgæslu eða sambærilegra verkefna.

Umferð vélknúinna vatnaleiktækja, s.s. sjókatta og sæþota, er óheimil innan svæðisins.

Almenn umferð smábáta er heimil eins og verið hefur eftir þekktum siglingaleiðum.

Landeigandi og aðrir sem falla undir undanþáguheimildir 13. gr. skulu gæta þess í hvívetna að kyrrð og víðernisupplifun gesta sé ekki raskað að óþörfu.

Nánar skal fjallað um umferð á verndarsvæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun, þar sem heimilt er að setja ítarlegri reglur.

#### 14. gr.

##### *Umgegni um verndarsvæðið*

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan verndarsvæðisins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu.

Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga þyrlum, flygildum eða flugvélum, sigla hljóðmiklum skipum eða bátum eða vera með annan hávaða að óþörfu innan svæðisins.

Öll meðferð elds er óheimil gestum á svæðinu, þ.m.t. notkun ferðagrilla, nema á þar til skilgreindu eldstæði og með leyfi landeiganda.

#### 15. gr.

##### *Veiði, nýting hlunninda og notkun skotvopna*

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að veiða mink í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Einnig er landeiganda heimilt að halda ref í skefjum í því skyni að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 og stjórnvaldsfyrirmæli þar um.

Öll skot eru bönnuð nær æðarvarpi en 2 km. á varptíma, nema brýna nauðsyn beri til og óheimilt er að leggja net í sjó nær æðavarpi en 250 m. frá stórstraumsfjörumáli, án leyfis Umhverfisstofnunar. Varptími skal skilgreindur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Hefðbundnar nytjar landeiganda eru heimilar eins og verið hefur, þ.m.t. heimild til að veiða í ám og vötnun, í samræmi við sett lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Nánar skal fjallað um veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 16. gr.

##### *Viðurlög*

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### 17. gr.

##### *Gildistaka*

Friðlýsing þessi öðlast þegar gildi.


##### *Ákvæði til bráðabirgða*

Þar til stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hefur verið staðfest hefur Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi til framkvæmda gangi þær ekki gegn auglýsingu þessari og hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

# Staður, dagsetning

## Umhverfis- og auðlindaráðherra

### VIÐAUKI I Kort af friðlýsta svæðinu.



 <a href="http://www.ust.is">http://www.ust.is</a>	Drangar	 Tillaga að mörkum friðlýsta svæðis  Mörk sveitarfélaga	Flatarmál: 10.500 ha (105 km <sup>2</sup> )
			Kortavörpun: Lambert kúluvörpun
			Finntstaða: ISN93
			Kortagerð: Guðni Hannesson LMI
			Dags: 03.06.2020
			© Landmælingar Íslands